

## Fyrirhuguð endurheimt votlendis í landi Brekku á Inggjaldssandi, Ísafirði.

**Til** : Skipulag  
**Frá** : Einar Þór Bárðarson <einarb@votlendi.is>  
**Heiti** : Fyrirhuguð endurheimt votlendis í landi Brekku á Inggjaldssandi, Ísafirði.  
**Málsnúmer** : 2021090060  
**Málsaðili** : Votlendissjóðurinn  
**Skráð dags** : 14.09.2021 09:12:57  
**Höfundur** : Einar Þór Bárðarson <einarb@votlendi.is>

**Viðhengi** [Brekka, Ísafjörður, 14.6.2021.pdf](#)[Brekka, Ísafjörður, 14.6.2021.pdf](#)  
[PastedGraphic-1.png](#)[PastedGraphic-1.png](#)  
[undoer-wesupportthe-colour-en.png](#)[undoer-wesupportthe-colour-en.png](#)

Ísafjarðarbær  
b.t. skipulagsfulltrúa  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

Fyrirhuguð endurheimt votlendis í landi Brekku á Inggjaldssandi, Ísafirði.

Landeigendur Brekku á Inggjaldssandi og Votlendissjóður hafa skrifað undir samning um endurheimt votlendis á hluta lands Brekku. Enginn landbúnaðar er stundaður á Brekku.

Í aðalskipulag Ísafjarðar 2008-2020 kemur ekki fram hvort landeiganda sé heimil endurheimt votlendis á sínu landi. Á síðu 106 í greinagerð aðalskipulagssins kemur m.a. eftirfarandi fram „Ekki er gert ráð fyrir landbúnaðarsvæðum þar sem landbúnaður hefur lagst af og aðgengi er lélegt, enda er hagkvæmast að nýta fyrst þau svæði sem eru næst byggð. Með því að hverfisvernda fyrrum landbúnaðarsvæði eru þau varðveitt þannig að nýta megi þau fyrir landbúnað í framtíðinni“.

Með endurheimt á votlendi í landi Brekku er ekki verið að rýra verðmætt landbúnaðarland í sveitarfélaginu t.d. hæfni lands til akuryrkju í nánustu framtíð.

Votlendissjóður óskar eftir framkvæmdarleyfi fyrir að loka nokkrum gömlu skurðum sem eru á þremur svæðum á jörðinni, merkt á loftmynd 1, 2, 3. Svæði nr.1, er í 1,6 km frá íbúðarhúsinu á Brekku en þar er óformað að fylla ofan í 1200 metra. Svæði nr.2. er í 0,3 km frá húsi, þar er áformað að fylla ofan í 300 metrar. Svæði nr.3. er í 0,6 km fjarlægð frá húsi og þar er áformað að fylla ofan í 600 metrar.

Þverá skilur á milli landa Hrauns og Brekku. Fyrirhugaðar framkvæmdir hafa ekki nein áhrif á tún nágrannajarða eða önnur mannvirki. Sýnileiki framkvæmdanna verður mjög líttill eftir að skurðbakkarnir gróa upp. Umhverfisáhrif framkvæmdanna verða jákvæð m.t.t. umhverfissjónarmiða enda er verið að binda kolefni. Framkvæmdin er í samræmi við yfirlýst markmið stjórnvalda um kolefnisbindingu.

Með kveðju og þökkum

Einar Bárðarson,  
Framkvæmdastjóri  
Votlendissjóður  
Árleyni 22  
112 Reykjavík  
+354 618 9000  
einarb@votlendi.is

Nánari upplýsingar á <https://votlendi.is/spurningar-og-svor/>

Tölvupóstur þessi og viðhengi hans kunna að innihalda trúnaðarupplýsingar. Ef þú ert ekki réttur viðtakandi, er þess óskað að þú gætir fyllsta trúnaðar og leyndar, hvorki lesir, afritir né notfærir þér tölvupóstinn eða viðhengi hans á nokkurn hátt, eins og þér er skylt skv. 2. mgr. 44. gr., sbr. 57. gr., laga nr. 107/1999 um fjarskipti. Jafnframt er farið fram á að þú tilkynnir til sendanda um móttöku tölvupóstsins eins fljótt og verða má. Loks er þess óskað að þú eyðir tölvupósti þessum, viðhengjum hans og afritum ef um þau er að ræða úr öllum tölvum.